

Nesbúegg ehf.
Vatnleysuströnd
190 Vogar

Reykjavík, 22.8.2024
UST202401-270/K.K.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 26. júlí 2024 - Nesbúegg ehf, Vatsleysuströnd, ID 406

Þann 26. júlí 2024 fór fram reglubundið eftirlit í Nesbúegg ehf á Vatsleysuströnd. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Nýtt starfsleyfi. Rekstraraðila var bent á að sækja um nýtt starfsleyfi hið snarasta þar sem nógildandi leyfi rennur út sumarið 2025.
2. Áburðardreifingu í fólkvangi. Rekstraraðila var bent á að hafa samband við stjórn Reykjanesfólkvangs um notkun áburðar í fólkvanginum. Jafnframt var bent á að ekki blanda eggjum í áburðinn sem fer inn á fólkvanginn.

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 38. lið b. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og BAT 24 í framkvæmdaákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/302 um bestu, fánlegu tækni (BAT), vegna þéttbærs eldis alifugla og svína. Rekstraraðilar skulu nota bestu aðgengilegu tækni. Besta fánlega tækni er að vakta heildarmagn köfnunarefnis og fosfórs, sem er losað sem úrgangsefni í húsdýraáburði með a) útreikningi með því að nota massajöfnuð, eða b) mat með því að nota greiningu á heildarinnihaldi köfnunarefnis og fosfórs í húsdýraáburði. Tíðni a) eða b) er einu sinni á ári fyrir hvern flokk dýra.
2. gr. 38. liður b. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og BAT 25 í Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB)2017/302 um bestu, fánlegu tækni (BAT), vegna þéttbærs eldis alifugla og svína. Rekstraraðilar skulu nota bestu aðgengilegu tækni. Besta fánlega tækni er að vakta losun ammóníaks með því að nota: a) mat með því að nota massajöfnuð eða b)útreikningur með því að mæla ammoníakstyrkinn og

hraða loftræstingarinnar eða c) mat með því að nota losunarstuðla. Tíðni er einu sinni á ári fyrir hvern flokk dýra fyrir a) og c) en í hvert sinn sem umtalsverðar breytingar verða fyrir b)

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. september 2024.

Virðingarfyllst

Kristín Kröyer
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur